


12. Júní 2006

6. tbl.—árg. 3

Kerhraunsfrettir

Girðingarmál — enn og aftur



Sjá stærri teikningu á blaðsíðu 2

Ef myndin er stækkuð upp má greinilega sjá að girðingin við Hæðarendalækinn fer í gegnum margar lóðir og er það alveg skiljanlegt að eigendur þessara lóða séu óánægðir með þetta ástand og vonandi stendur þetta allt til bóta.

Þessi niðurstaða hefur þá þegar verið sent til lögfræðingsins sem er með málið. Matsnefndin kemur svo fljótlega saman og fer yfir málið í heild sinni.

Stjórnin minnir alla þá sem létu mæla hjá sér lóðirnar að setja nú stærri staura en nú eru fyrir hendi til þess að punktarnir glatist ekki.



Trjákaup - lokatilraun



Vilja einhverjir vera svo sætir að bæta við sig plöntum til að þetta náist???????

Lokið er við að selja 380 plöntur.

Nú leitum við aðstoðar þeirra sem **EKKI** hafa keypt plöntur og biðjum þá að láta hugann líða og sjá fyrir sér Kerhraunið 2020 þar sem birkiskógurinn er alls ráðandi og sum okkar sem hafa keypt plöntur erum löngu hætt að sjá nágrennanna.

Kærar kveðjur, Niðursetningakonurnar

